

Umsögn frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar (aukin verkefni kirkjuþings), 365. mál.

Reykjavík, 9. desember 2014

Allar þær breytingar sem frv. mælir fyrir um eiga við greinar sem tilheyra III kafla laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Hér er litið svo á að við nútímaaðstæður sé eðlilegt að efni þess kafla flokkist sem innri mál þjóðkirkjunnar og að því skuli farið að vilja kirkjuþings við breytingar á efni hans.

Þó skal vakin athygli á eftirfarandi:

1. Brottfall úrskurðar- og áfrýjunarnefndar myndu vissulega draga úr sjálfræði þjóðkirkjunnar — í þessu tilviki til að fást við siðferðis- og agamál — og ábyrgð hennar til að fjalla um slík málefni á sjálfstæðan máta nema starfsreglur kveði með öðrum hætti á um hvernig með skuli fara. Breytingin sem mælt er fyrir um í 1., 2., 5. og 9. gr. hlýtur því að gera ráð fyrir að starfsreglur sem settar yrðu á grundvelli hinnar nýja málsgreinar sem 1. gr. frv. mælir fyrir um geri þjóðkirkjunni ekki síður kleift að fjalla um slík mál á eigin forsendum en ákvæði um nefndirnar tvær gera nú.

2. Ef stjórn fjármála þjóðkirkjunnar flytjast frá kirkjuráði til kirkjuþings skv. 4. og 6. gr. frv. eins og eðlilegt er virðist eðlilegt að gera ráð fyrir að aðalfundartími kirkjuþings flytjist frá haustmisseri til vorsmissis m.t.t. afgreiðslu fjárlaga á Alþingi.

3. Vakinn skal athygli á að löng kirkjuleg hefð er fyrir að miða prestsvígslu við 25 ára aldur. Byggist hún á því að einstaklingurinn hafi náð þeim persónuþroska og félagsstöðu sem prestsembættið útheimtir. Við núverandi aðstæður eru e.t.v. ekki líkur á að einstaklingur mikið yngri en 25 ára hafi áunnið sér embættisgengi. Með styttingu náms til stúdentsprófs gæti það breyst. Ekki virðist að öllum jafnaði felast ávinningur í því fyrir kirkjuna að vígsluþegar séu yngri en 25 ára.

4. Sjálfsagt virðist að áfram sé miðað við að leitað sé álits Háskóla Íslands um mat á námi sem lokið er erlendis enda er nú hér á landi aðeins mögulegt að stunda guðfræðinám við þann skóla.

Loks er bent á að mikilvægt er að sú heildarendurskoðun á núgildandi þjóðkirkjulögum sem hófst 2007 verði leidd til lykta þrátt fyrir þær breytingar sem fram hafa komið og frv. gerir ráð fyrir. Slík endurskoðun verður að fara fram út frá heildrænni sýn á hvaða málefni þjóðkirkjunnar sé eðlilegt að löggjafinn láti til sína taka og í hvaða málum kirkjan skuli njóta sjálfræðis. Hér er litið svo á að Alþingi hljóti að setja lög er einkum kveði á um réttarstöðu þjóðkirkjunnar, skyldur hennar og meginatriðin í stjórnarformi hennar. Nánari ákvæði um stjórn, stofnanir og embætti þjóðkirkjunnar og valdmörk þeirra sem og starfshætti kirkjunnar ættu hins vegar frekar að vera að finna í starfsreglum sem kirkjuþing setur. Jafnframt þarf þá að kveða á um hverja umfjöllun slíkar reglur og breytingar á þeim þurfi að fá innan kirkjunnar og stofnana hennar (t.d. prófastsdæma, prestastefnu og kirkjuþings) áður en þær öðlast gildi.